

efemia

bladder support





Invent Medic Sweden AB
Nytänkargatan 4, SE 223 63 Lund
Sweden

care@efemia.se
www.inventmedic.com



0123



2023-04
LAO103-01



L1: care@efemia.se
L2: www.hma.eu/human-medicines/national-contacts.html



Framleiðandi

Síðasti notkunardagur

Þöntunarnúmer

Varúð

Einkvæm tækjauðkenning

Sjá notkunarleiðbeiningar

Lækningatæki

Framleiðslulota

Endurvinnsla

Upplýsingar

NOTKUN

Efemia þvaglekatappi er lækningatæki sem ætlað er að draga tímabundið úr áreynsluþvagleka hjá konum eldri en 18 ára með því að styðja við þvagrásina gegnum leggangaegginn.

ÁREYNSLUÞVAGLEKI

Áreynsluþvagleki er skilgreindur sem ósjálfráður þvagleki við álag eða áreynslu, hnerra eða hósta. Vandinn er ekki skilgreindur eftir magni eða tíðni lekans. Þvagleki er félagslegt vandamál hjá mörgum, auk þess sem hann hefur áhrif á hreinlæti. Áreynsluþvagleki getur valdið ertingu, útbrotum og sýkingum á kynfærsvæði vegna endurteknar snertingar við þvag.

ÁBENDINGAR UM NOTKUN/LÝSING Á BÚNAÐI

- Efemia þvaglekatappinn er margnota leggangaatppi úr læknasilikoni. Honum er ætlað að draga tímabundið úr ósjálfráðum þvagleka við áreynslu.
- Hægt er að nota tappann í skemtri tíma þegar þú býst við að glima við áreynsluþvagleka, en einnig er hægt að nota hann í 16 klukkustundir samfleytt á hverjum sólarhring.
- Tappinn er fánlegur í þremur stærðum til að tryggja bestu þægindi og virkni. Þú gættir þurft að prófa fleiri en eina stærð til að finna stærð sem er þægileg fyrir þig og virkar vel til að draga úr þvaglekanum. Það gæti þurft nokkrar tíraunir til að finna hvað hentar þér best.
- Ef þú vilt geturðu fjarlægt tappann áður en þú hefur þvaglát eða hægðir, en þess þarf þú ekki.

Sumar konur glima við sig á grindarholslíffærum sem gæti gert þeim erfiðara um vik að koma tappanum fyrir.

Þú gættir lent í að tappinn valdi núningi við skapabarma eða slímhúð sem getur leitt til ertingar eða nuddsára. Slíkt er mjög einstaklingsbundið. Það gæti orsakast vegna þess að ytri kynfæri eða leggöng eru þurr eða mjög viðkvæm. Ef þú veist nú þegar að þú ert mjög viðkvæm á þessum svæðum, eða ef þú finnur fyrir ertingu eða nuddsárum við notkun tappans, geturðu prófað að nota vatnsleysanlegt sleipiefni með tappanum.

EKKI NOTA EFEMIA ÞVAGLEKATAPPANN

ef þú ert barnshafandi

⚠ VARÚÐARRÁÐSTAFANIR

- Notaðu vatnsleysanlegt sleipiefni til að koma í veg fyrir óþægindi ef þú ert viðkvæm á kynfærsvæði eða í leggöngum.
- Dragðu úr notkun á tappanum ef þú finnur fyrir einhverjum líkamlegum viðbrögðum tengdum tappanum sem ekki eru skammvinn. Leitaðu til læknis ef viðbrögðin hverfa ekki við minni notkun.

Ef þú lendir í vandræðum með tappann eða notkun hans, láttu söluaðila vita. Alvarleg atvik sem upp koma tengd tappanum skal tilkynna söluaðila (L1) og þar til bærum yfirvöldum (L2).

FÖRGUN

Henda skal tappann í óendurvinnanlegt rusl í samræmi við staðbundnar reglur.

UM EFEMIA

Efemia er vörumerki frá Invent Medic Sweden sem sérhæfir sig í heilsu- og vellíðunarvörum fyrir konur. Frekari upplýsingar um okkur og vörurnar okkar má finna á síðunni: www.efemia.se

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

1. FYRIR NOTKUN

- Gættu að því að þvagblaðra þín sé tómt og þvoðu þér um hendurnar með vatni og sápu.
- Taktu tappann úr umbúðunum og skolaðu hann með hreinu vatni. Það dregur úr núningi og gerir það auðveldara að koma tappanum fyrir í leggöngunum.
- Finndu þægilega stöðu, ef þú stendur getur verið hjálplegt að beygja aðeins hnén.

2. AÐ KOMA TAPPANUM FYRIR

- Haltu um tappann þannig að bakhlið handfangsins (sjá mynd 1c) vísi niður og aftur. Settu tappann inn í leggöngin þannig að hann halli örliðið upp á við, svipað og títatappi.
- Þyttu tappanum inn þar til handfangið liggur þétt upp við líkama þinn og skapabarmarnir hylja það að fullu. Gættu að því að stuðningshringirnir séu innan við leggangaopið og fyrir ofan grindarbotninn (sjá mynd 2C).

3. AÐ FJARLÆGJA TAPPANN

- Tæmdu blöðruna, ef þú getur, áður en þú tekur tappann úr.
 - Taktu um ytri hluta handfangsins og togaðu þétt en gætilega þar til tappinn er kominn út.
- #### 4. AÐ ÞVO TAPPANN
- Notaðu eina eftirtalinnna aðferða til að þvo tappann (þá sem hentar þér best):
- Skolaðu tappann vandlega með hreinu vatni. Þetta hentar vel ef nota á tappann strax aftur.
 - Láttu tappann sjóða í hreinu vatni í 10 mínútur og leggðu hann svo til þerris.

- Hreinsaðu með hreinu vatni og sápu, helst sápu ætlaðri til notkunar á kynfærsvæði. Gættu að því að þvo allan hlutinn. Skolaðu alla sápu vandlega af og leggðu til þerris.

Við mælum ekki með að nota neitt annað en sápu og hreint vatn til að þvo tappann. Ef sjáanleg óhreinindi eru enn til staðar mælum við með að þvo tappann aftur samkvæmt leiðbeiningum.

5. ENDINGARTÍMI TÆKIS

Skiptu tappanum út eftir þrjú mánaða notkun.

Mynd 1: a. Stuðningshringir b. Framhlið c. Bakhlið d. Handfang

Mynd 2: A. Leggöng B. Þvagrás C. Grindarbotn D. Efemia þvaglekatappi